

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: BN	Fundur nr. :	
Fundarritari: MI	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI) Gunnar Björn Helgason (GH) Anna Guðlaug Nielsen (AN)	Dagsetning:	25.2. 2026
	Frá kl.:	18:00
	Til kl.:	19:00
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>Bridgehátíð</u> Bridgehátíð gekk mjög vel. Framkvæmd var mjög góð og mikil ánægja hjá spilurum. Það mættu 91 sveit og 151 pör sem er nokkuð gott. Á næsta ári stefnir í mjög góða mætingu en við eigum von á mun fleiri spilurum frá Noregi en undanfarin ár. Hátíðin kom ekki út í tapi þrátt fyrir að á tímabilli stefndi í það. Reykjavíkurborg lækkaði styrk sinn verulega milli ára auk þess sem ekki tókst að fá sponsor á hátíðina. Þarf nauðsynlega að finna öfluga samstarfsaðila fyrir næstu bridgehátíð.
3	<u>WBT</u> Samstarfið við WBT mun halda áfram á næsta ári og eru horfur nokkuð góðar á aukningu á fjölda sveita. Töluverð vinna fylgir mótinu fyrir Bridgesambandið auk nokkurs kostnaðar. Það er þó mat stjórnar og framkvæmdastjóra að mótið skili íslenskum bridge miklu auk þess sem fjöldi sterkra spilara spili Bridgehátíð sem annars væru ekki að koma. Mikil ánægja var með mótið í ár af hálfu WBT og er samstarfið mjög jákvætt.
4	<u>Reksturinn</u> Síðasta ár er að enda betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Reksturinn í ár er einnig í jafnvægi og fjárhagsstaða nokkuð góð. Það þarf þó að finna fleiri styrktaraðila og ætlaði stjórn að leita að mögulegum samstarfsaðilum. Einnig er landsliðsverkefni ársins mjög dýrt en kostnaður vegna Evrópumóts er áætlaður tæplega 6.milljónir.
5	<u>Mót framundan</u> Farið yfir mót framundan.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
6	<u>Landsliðsmál</u> Farið yfir stöðuna á landsliðsmálum, Evrópumóti í Lettlandi á næsta ári og hvernig hægt sé að fjármagna slík landsliðsverkefni. Undirbúningur gengur vel og er mikil vinna sem á sér stað er varðar kerfið, meldingar, líkamsrægt o.fl. Framkvæmdastjóra falið að kanna áhuga á og velja lið til þátttöku á netmóti (Norðurlandamóti) para og eldri spilara. Það er ljóst að endurskoða þarf hvernig landsliðsmálum er háttað eftir Evrópumót og hvort Bridgesambandið dragi úr kostnaði vegna landsliðsmála eins og mjög mörg Sambönd hafa gert undanfarin ár.
7	<u>Önnur mál</u> Voru engin